

# Fundargerð 781. fundar

## Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2010, miðvikudaginn 10. nóvember kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Dagur B. Eggertsson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Óttarr Ólafur Proppé, Guðmundur Rúnar Árnason í forföllum Guðríðar Arnardóttur, Gunnar Einarsson, Sigríður Guðbjörg Bjarnadóttir í forföllum Elínar R. Líndal, Arnbjörg Sveinsdóttir í forföllum Eiríks Björns Björgvinssonar, Gunnlaugur Stefánsson, Aldís Hafsteinsdóttir og Jórunn Einarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri, sviðsstjórnarnir Guðjón Bragason, Gunnlaugur A. Júlíusson, Inga Rún Ólafsdóttir og Magnús Karel Hannesson, sem ritaði fundargerð, Gyða Hjartardóttir, félagsþjónustufulltrúi sambandsins, Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, og Lúðvík Geirsson, einn fulltrúa sambandsins í verkefnisstjórn um verkaskipti ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarmála.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Varamenn boðnir velkomnir - 1010002SA

Formaður bauð Arnbjörgu Sveinsdóttur, varamann Eiríks Björns Björgvinssonar, Guðmund Rúnar Árnason, varamann Guðríðar Arnardóttur, og Sigríði G. Bjarnadóttur, varamann Elínar R. Líndal, velkomin á fundinn en þau sátu nú stjórnarfund í fyrsta sinn.

### 2. Verkaskipti ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarmála - 0703106SA

Lögð fram drög að heildarsamkomulagi um tilfærslu þjónustu við fatlaða, dags. 8. nóvember 2010, og drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um málefni fatlaðra, dags. 9. nóvember 2010.

Lúðvík Geirsson gerði nánari grein fyrir framlögðum gögnum og svaraði, ásamt starfsmönnum sambandsins, fyrirspurnum stjórnarmanna um málið. Formaður gerði grein fyrir fundi sínum og framkvæmdastjóra með félags- og tryggingamálaráðherra og fjármálaráðherra, sem haldinn var 9. nóvember sl. Á þeim fundi var rætt um starfsmannamál og tillögu ráðherranna um fyrirkomulag starfsmannamála við yfirfærsluna.

Að loknum umræðum var eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur fjallað um drög að heildarsamkomulagi um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga, ásamt tillögu félags- og tryggingamálaráðherra og fjármálaráðherra um fyrirkomulag starfsmannamála við yfirfærsluna.*

*Stjórnin gerir athugasemdir við það að áhrif tillögu ráðherranna á*

*fjárhagsramma verkefnisins og kjarasamningsumhverfi sveitarfélaga í heild liggja ekki fyrir og hefur því ekki verið samið um áhrif breytinga sem í tillögunni felast í heildarsamkomulaginu.*

*Stjórnin felur formanni og framkvæmdastjóra að leita ásættanlegra lausna fyrir hönd sveitarfélaga í málinu og gerir jafnframt kröfu um nauðsynlegar breytingar á heildarsamkomulaginu um yfirfærsluna í samræmi við endanlega niðurstöðu. Stjórn sambandsins telur ekki tímabært að heimila formanni og framkvæmdastjóra að undirrita samkomulagið fyrir en niðurstaða í málinu liggur fyrir.*

Næsti reglulegi fundur er ráðgerður 10. desember nk.

Fundi var slitið kl. 14:15.

---

Halldór Halldórsson

---

Dagur B. Eggertsson

---

Hanna Birna Kristjánsdóttir

---

Óttarr Ólafur Proppé

---

Guðmundur Rúnar Árnason

---

Gunnar Einarsson

---

Sigríður Guðbjörg Bjarnadóttir

---

Arnbjörg Sveinsdóttir

---

Gunnlaugur Stefánsson

---

Aldís Hafsteinsdóttir

---

Jórunn Einarsdóttir

---

framkvæmdastjóri

---

ritari